

Könnunarskurðir í landi Geirseyrar á Patreksfirði



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
Guðrún Jóna Þráinsdóttir

Október 2011

NV nr. 22-11

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
SAGA	3
2. RANNSÓKNIN	4
3. NIÐURSTAÐA	5
4. HEIMILDASKRÁ	6
ÓPRENTAÐAR HEIMILDIR	6
5. MYNDASKRÁ	7
6. VIÐAUKI I. LÝSING Á HLOTUM SEM FUNDUST Í KÖNNUNARSKURÐUNUM (SJÁ EINNIG MYNDASKRÁ). 13	

1. Inngangur

Fornleifarannsókn var gerð í landi Geirseyrar á Patreksfirði dagana 26.-27. nóvember 2011 og var gerð að kröfu Fornleifaverndar ríkisins. Náttúrustofa Vestfjarða annaðist rannsóknina.

Fornleifarannsóknina önnuðust fornleifafræðingarnir Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Guðrún Jóna Þráinsdóttir frá Náttúrustofu Vestfjarða og þær skrifuðu jafnframt skýrsluna.

Fyrir um sumarið var gerð á vegum Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun á spildu úr landi Geirseyrar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við snjóflóðavarnargarð ofan við byggðina á Patreksfirði (Margrét Hallmundsdóttir 2011). Varð þá ljóst að þrjár minjar myndu skemmast við gerð varnargarðsins og að kröfu Fornleifaverndar ríkisins voru minjarnar rannsakaðar frekar af hálfu Náttúrustofunnar. Tilgangur þess var að kanna eðli og umfang minjanna.

Saga

Í jarðabók Árna og Páls segir að á Geirseyri hafi verið bænhús sem er fyrir löngu eyðilagt.¹ Patreksfjörður var áður kenndur við Vatneyri. Þar hefur verið verslað frá fornu fari og er eyrarinnar fyrst getið í heimildum árið 1570². Einnig var stunduð verslun frá Geirseyri og var byggðin öll kölluð Eyrar um nokkurt skeið. Í gegnum aldirnar hafa norskir, enskir, þýskir og danskir kaupmenn siglt til Vatneyrar og árið 1604 gerðu Danir Vatneyri að viðurkenndum verslunarstað³.

Fram til ársins 1907 tilheyrði Patreksfjörður sveitarfélaginu Rauðasandshreppi. Það ár var kaптúnið, þ.e. Geirseyri og Vatneyri, tvær bújarðir.

Verslun og útgerð var rekin bæði á Geirseyri og Vatneyri. Það var þó ekki fyrir en á síðustu árum 19. aldar að fólki fór að fjölga á Patreksfirði, en þó aðallega upp úr aldamótum þegar útgerð þaðan eflidist.

Árið 1890 bjuggu á Vatneyri 39 manns en á Geirseyri 49, samtals 88 manns. Árið 1910 bjuggu á Patreksfirði 475 manns, 1920 voru 436 manns og 606 sálir árið 1930.

Á Patreksfirði er mjög góð höfn frá náttúrunnar hendi og sigling á fjörðinn hrein og auðveld. Veðursæld er mikil þegar til hafnar er komið. Þangað hefur því verið siglt frá landnámsöld og kaupmenn haft aðstöðu sína á Vatneyri frá því að byggð festist í nágrenni staðarins. Vitað er að á liðnum öldum hafa siglt þangað norskir, þýskir og danskir kaupmenn og stundað þar verslun. Fram til 1836 var Vatneyri einn hinna svokölluðu „autoriseruðu út- liggjarastaða“, en þá breyttist heitið í „autoriseraður höndlunarstaður“. Árið 1877 var með lögum ákveðið að reka mætti verslun á Geirseyri við Patreksfjörð þannig „að Geirs-eyri og hinn eldri verslunarstaður, Vatneyri, séu að álíta sem „einn verslunarstaður“ “ — eins og það er orðað. Eftir þetta var kaптúnið stundum kallað Eyrar af íbúum nágrennasveitanna. Einkum var sumu sveitafólki, sem

¹ Árna Magnússonar og Páls Víталín . 1938,bls.332

² Íslenzkt fornbréfasafn. 15 bindi. 1947-50, bls 511

³ Jón J. Aðils. 1971 bls 76

fór þangað í kaupstað, tamt í munni að segja: „Eg er að fara á Eyrar“ eða „ég er að koma af Eyrum.“ Kaupúnið var þó víðast kallað Patreksfjörður og lagðist nafnið Eyrar fljótlega af. Um aldamótin 1900 voru tveir kaupmenn á Patreksfirði. Á Geirseyri sat Markús Snæbjörnsson. Hann var eigandi jarðarinnar og rak þaðan nokkra útgerð og verslun. Hann átti verslunarskip, sem var í förum til útlanda. Sagt er að hann hafi oft verið sjálfur í förum með skipi sínu.

2. Rannsóknin

Fyrsti skurðurinn var gerður í rúst sem hefur númerið 016 í fornleifaskráningu og er svo til beint aftan við Sjúkrahúsið á Patreksfirði. Rústin hafði tvær greinlegar hliðar sem virtust úr torfi og grjóti. Þegar skurður hafði verið gerður með lítilli gröfu í vegginn og inn í ætlað gólf rústarinnar kom í ljós að ekki var um fornleifar að ræða heldur líklega jarðvegsruðning. Rúst 016 var því útilokuð sem fornleifar.

Rúst 017 var grjóthlaðið lítið hús með garðlögum í kring. Við skráningu kom í ljós eitt garðlag en við fornleifarannsóknina brutust fornleifafraeðingar inn í mjög þéttan grenitrjáaskóg og komust að því að rústin stendur inni í garðlagi líkt og eru allt í kring í hliðinni ofan við Geirseyri.

Byrjað var á því að teikna inn rústina og garðlagið en ekki reyndist hægt að mæla garðinn inn með Trimble-mælitækjum vegna þess hve skógurinn er þéttur. Ekki var hægt að komast inn í skóginn nema við jaðra svo hugsanlegt er að fleiri minjar séu innan garðsins, en ekki verður hægt að komast að því nema að höggva niður öll tré sem eru 5-10 metrar á hæð.



Mynd 1 Húsið áður en grafið var í það.

Ákveðið var að grafa í gólfið til að komast að því hvaða tilgangi húsið hefur þjónað. Efst var gólfið mosavaxið og nokkurt hrun úr veggjum á gólfinu. Í ljós kom að þetta hús hafði trégólf því að stórir bjálkar voru út við alla vegg og í miðju gólfinu. Ofan á bitunum var svo mjög fúinn linoleumdúkur. Í einu



Mynd 2. Gólfbitar voru í húsinu og yfir þeim mjög morkinn linoleumdúkur. Eldavél hefur líklega staðið þarna í horninu.

horninu var járnplata og þar hefur líklega staðið kolaeldavél. Greinilegt er að húsið var mjög lítið timburhús með hlöðnum grunni. Trégólf hefur verið í húsinu með áður nefndum dúk. Húsið hefur brunnið, líklega töluvert eftir að notkun þess var hætt. Brennt timbur fannst í veggjum og hluti af gólfi var brennt, einnig fundust brunaleifar í gróðri inni í rústinni.

Samkvæmt heimildarmanninum Ólafi Árnasyni bjuggu einsetukonur í túninu ofan við spítalann þegar hann kom á Patreksfjörð um miðja síðustu öld. Líklegt er að þessi rúst sé annað þessara húsa sem hann talaði um. Húsið er mjög lítið, aðeins 3x3 að stærð eða 9 fm² og hefur verið út timbri með timburgólfi, líklega hefur kolaeldavél staðið í suðaustur horni. Rúðugler var inni í rústinni sem bendir til þess að glergluggar hafi verið í húsinu. Húsið hefur brunnið.


Undir gólfbitum var óhreyfður jarðvegur og eru því ekki eldri not af þessu húsi. Gripir sem fundust staðfesta að ekki er um mjög forna byggingu að ræða heldur passa við að búið hafi verið í húsinu fram á miðja 20. öld.

3. Niðurstaða

Rúst [016] er ekki fornleif. Rúst [017] er líklega grunnur af húsi frá byrjun 20 aldar. Ekki er annað að sjá en að garðlagið [018] sé samtíða húsinu, enda benda heimildir til þess að byggð hafi ekki hafist í hlíðinni fyrr en rétt fyrir 1900. Húsið [rúst 017] telst því ekki til fornleifa, enda benda hvorki gripir né heimildir til þess. Skriða hefur fallið við hlið hússins og á garðinn.

Jarðlagaskrá (contextar)

- [1] Yfirborð
- [2] Brunlag
- [3] Dúkur
- [4] Gólfbitar
- [5] Óhreyft



Mynd 3. Teikning af rústinni og garðinum í kring sem er illa sjáanlegur vegna trjáa.

4. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1921. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi.* Hið íslenska fræðafjelag, Kaupmannahöfn. Sögufélagið, Reykjavík: Ljósprentuð útgáfa 1981.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. XV. 1947-1950. Hið íslenska bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn.

Jón J.Aðils. 1971. *Einokuunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787.* Heimskringla. Reykjavík.

Margrét Hallmundsdóttir. 2011. Fornleifakönnun vegna framkvæmda á Geirseyri við Patreksfjörð. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 20-11.

Óprentaðar Heimildir

Örnefnaskrá Geirseyri

Heimild í forum heimildarmanns. Ljósrit úr óþekktri bók sem listar ábúendur á Patreksfirði.

5. Myndaskrá



Gripur nr. 1 Naglbítur



Gripur nr. 2 Naglbítur



Gripur nr. 3 Meitill



Gripur nr. 4 Járnstykki



Gripur nr. 5 Nagli



Gripur nr. 6 Þaksaumur



Gripur nr. 7 Segulnagli



Gripur nr. 8 Flöskubrot



Gripur nr. 9 Flöskubrot



Gripur nr. 10 Flöskugler



Gripur nr. 11 Rúðugler



Gripur nr. 12 Rúðugler



Gripur nr. 13 Rúðugler



Gripur nr. 14 og 15 Rúðugler



Gripur nr. 17 Múrsteinn



Gripur nr. 18, 19 og 20 Gulur múrsteinn



Gripur nr. 21 Rauður múrsteinn



Gripur nr. 22, 23 og 24 Rauður múrsteinn

6. Viðauki I. Lýsing á hlutum sem fundust í könnunarskurðunum (sjá einnig myndaskrá).

Staður	Þjms nr.	Grip nr.	Jarðlag	Lýsing á jarðlagi	Efni	Tegund	Ásigkomu-lag	Þyngd	Lengd	Breidd	Þykkt	Lýsing	Athugasemdir
Patreksfj.	Þjms. 2011-92	1	[2]	Brunalag	Járn	Naglbítur	Heillegur	692 g	25 cm	6,5 cm	3,1 cm	Ryðgaður en heill. Með kantaðar axlir.	Er sennilega 70-80 ára gamall.
Patreksfj	Þjms. 2011-92	2	[2]	Brunalag	Járn	Naglbítur	Heillegur	476 g	21 cm	5 cm	2,7	Heillegur en ryðgaður. Með rúnnaðar axlir.	Gæti vel verið 70-80 ára gamall.
Patreksfj	Þjms. 2011-92	3	[2]	Brunalag	Járn	Meitill	Heillegur	795 g	28 cm	3 cm	1,8 cm	Ryðgaður nokkuð. Er breiðastur við haus. Hefur greinilega verið notaður, enda er hausinn hnoðaður.	Sennilega frá svipuðum tíma og tanginnar.
Patreksfj	Þjms. 2011-92	4	[2]	Brunalag	Járn	Járnstykki	Heillegt	490 g	12cm	10 cm	2,8 cm	Ferningslaga með gati í miðju, 3,5 cm í þvermál. Á eru stafirnir JUNO og L í horni (fyrir vinstri).	Er trúlega statív fyrir fót af eldavél. Líklega frá tímum fyrra stríðs.
Patreksfj	Þjms. 2011-92	5	[4]	Gólfbiti	Járn	Nagli	Heill	32 g	14 cm	1,9 cm (hausinn)	0,65 cm	Svolítið ryðgaður. Sívalur nagli með flatan haus, boginn.	Vírsumur (reksaumur), notaður til að negla saman gólfbita.
Patreksfj	Þjms. 2011-92	6	[2]	Brunalag	Járn	Saumur	Heill	6 g	7,5 cm	1,5 cm (hausinn)	0,4 cm	Líklega þaksaumur. Nokkuð ryðgaður	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	7	[2]	Brunalag	Málmur	Segulnagli	Alveg heill	7 g	3,1 cm	1,5 cm	0,4 cm	Einnig nefndur þolinmóður. Trúlega af veiðarfæri. Er alveg óryðgaður.	Gæti verið úr kopar eða einhverri málmblöndu.
Patreksfj	Þjms. 2011-92	8	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	26 g	7 cm	4,8 cm	0,4 cm	Kúpt glerbrot úr flösku, af belgnum ofanverðum. Í glerinu er stjarna og stafirnir SIRI... (framléitt af Sirius)	Trúlega úr mjólkurfloösku.

Staður	Þjms. nr.	Grip nr.	Jarðlag	Lýsing á jarðlagi	Efni	Tegund	Ásigkomu-lag	Þyngd	Lengd	Breidd	Þykkt	Lýsing	Athugasemdir
Patreksfj	Þjms. 2011-92	9	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	24 g	8,6 cm	5,8 cm	0,5 cm	Ávalt gler úr flösku. Þríhyrningslaga, skörðótt öðru megin, nær hornrétt hinum megin.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	10	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	9 g	5,4 cm	2,4 cm	0,4 cm	Brotið er ávalt, en eitlítið útflatt, líkt og kantað.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	11	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	49 g	9,9 cm	6,9 cm	0,4 cm	Glerbrotið er slétt, líklega rúðugler.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	12	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	44 g	8,9 cm	8,2 cm	0,4 cm	Slétt gler, líklega rúðugler.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	13	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	44 g	7,4 cm	10,7 cm	0,4 cm	Slétt gler, líklega rúða.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	14	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	32 g	7,0 cm	5,6 cm	0,4 cm	Slétt gler, líklega rúða.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	15	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	11 g	11,6 cm	1,9 cm	0,4 cm	Slétt gler, líklega rúða. Glerbrotið er langt og mjótt og sprungið eftir endilöngu.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	16	[2]	Brunalag	Gler	Glerbrot	Tært	16 g	7,7 cm	4,1 cm	0,4 cm	Slétt gler, líklega rúða.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	17	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brotinn	187 g	8,2 cm	5,8 cm	2,1 cm	Eldfastur leir, gulleitur og ljósrauður. Á múrsteininum eru greinilegir stafirnir D.Ch. Sótugur.	Hefur verið notaður til einangrunar, fyrir framan eldavélina, í skorsteini eða jafnvel inni í eldavélinni.
Patreksfj	Þjms. 2011-92	18	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	65 g	6,5 cm	6,9 cm	1,9 cm	Gulur leir með merki eftir eld.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	19	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	46 g	6,2 cm	6,0 cm	1,2 cm	Gulur múrsteinn með merki eftir eld. Ein hliðin er kantur.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	20	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	43 g	5,0 cm	3,6 cm	3,5 cm	Gulur leir. Tvær sléttar hliðar, annars er brotið óreglulega lagað og	

Staður	Þjms nr.	Grip nr.	Jarðlag	Lýsing á jarðlagi	Efni	Tegund	Ásigkomu-lag	Þyngd	Lengd	Breidd	Þykkt	Lýsing	Athugasemdir
												þykkt.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	21	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	59 g	6,5 cm	6,9 cm	1,9 cm	Ljósrauður leir. Þríhyrnt brot, ein hliðin er kantur.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	22	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	57 g	7,3 cm	5,1 cm	1,3 cm	Ljóstauður leir.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	23	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	28 g	5,9 cm	3,6 cm	1,2 cm	Ljósrauður leir, með kanti.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	24	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	33 g	4,8 cm	4,3 cm	1,2 cm	Ljósrauður leir, með kanti. Merki eftir bruna.	
Patreksfj	Þjms. 2011-92	25	[2]	Brunalag	Leir	Múrsteinn	Brot	29 g	4,7 g	3,7 g	1,3 cm	Ljósrauður leir, með kanti.	